

Hvar er Heimahlynning staðsett?

Í húsi Líknardeildar Landspítala
Kópavogsgerði 10, jarðhæð, hús 10
200 Kópavogi
Sími: 543 6360

Gengið er inn að sunnanverðu.



ÚTGEFANDI
LANDSPÍTALI, LYFLÆKNINGASVIÐ 2012

HÖFUNDAR
LÓA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR, HELGI BENEDIKTSSON OG HAFDÍS
HELGADÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGAR HEIMAHLYNNINGAR

ÁBYRGÐARMÆÐUR
LÓA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

MYND Á FORSIÐU
HELGI BJARNASON

MYND Í BÆKLINGI
TEIKNUÐ AF BRIAN PILKINGTON FYRIR HEIMAHLYNNINGU

HÖNNUN
KYNNINGARMÁL LANDSPÍTALA/ÁC

Heimahlynning Landspítala

Sérhæfð hjúkrunar- og lækniþjónusta



Um Heimahlynningu

Heimahlynning Landspítala er sérhæfð hjúkrunar-og læknisþjónusta og er ætluð sjúklingum sem hafa erfið einkenni vegna langvinna sjúkdóma. Hlutverk þjónustunnar er að gera skjólstæðingum kleift að dvelja heima eins lengi og aðstæður leyfa.

Einkenni og meðferð sem fylgja sjúkdómnum geta tekið á og verið hamlandi í daglegu lífi. Starfsfólk Heimahlynningar býður skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra aðstoð við að takast á við breyttar aðstæður. Heimahlynning starfar samkvæmt hugmyndafræði um líknarmeðferð.

Hvað er líknarmeðferð?

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO 2002), er tilgangur líknarmeðferðar að bæta lífsgæði sjúklinga sem eru með lífshættulega sjúkdóma og fjölskyldna þeirra. Meðferðin felst í því að fyrirbyggja og draga úr líkamlegri, sálfélagslegri og andlegri þjáningu. Líknarmeðferð á ekki eingöngu við á lokastigum veikinda, heldur einnig snemma í veikindaferlinu, samhliða annarri meðferð.

Starfsemi Heimahlynningar

Þjónustan byggir á skipulögðum heimsóknum hjúkrunarfræðinga til skjólstæðinga. Fjöldi heimsókna er ákveðinn í samráði við skjólstæðinga og fjölskyldur þeirra eftir þörfum hverju sinni.

Heimsóknir frá lækni ákvarðast af þörfum og mati á aðstæðum. Samstarf er á milli starfsfólks

Heimahlynningar og meðferðarlækna skjólstæðinga.

Ef vandamál koma upp eða þörf er fyrir ráðgjöf milli skipulagðra heimsókna, er hægt að hringja í vakt síma Heimahlynningar. Hjúkrunarfræðingar eru á vakt allan sólarhringinn og læknir á bakvakt.

Heimahlynning leggur áherslu á umönnun og stuðning við alla fjölskylduna. Fjölskyldufundir eru haldnir í samráði við skjólstæðinga og fjölskyldur þeirra.

Skipulögð heimsókn byggist á:

Ráðgjöf og fræðslu

Mati á líkamlegum og sálrænum einkennum og meðferð vegna þeirra

Mati á þörf fyrir hjálpartæki og aðstoð við að útvega þau

Aðstoð við að sinna félagslegum þörfum, t.d. samskiptum innan fjölskyldunnar og almennum félagslegum réttindum

Aðstoð við að sinna andlegum, trúarlegum og tilvistarlegum þörfum

Umsjón með lyfjum og lyfjagjöfum

Aðstoð við aðhlynningu, t.d. böðun

Sármeðferð og umhirðu t.d. þvagleggja, drena og stóma

Hvað kostar þjónustan?

Heimsóknir hjúkrunarfræðinga og lækna Heimahlynningar eru skjólstæðingum að kostnaðarlausu.

Hverjir geta sótt um þjónustu Heimahlynningar?

Beiðnir geta komið frá heilbrigðisstarfsfólki, skjólstæðingum eða aðstandendum.

Tekið er við beiðnum virka daga á milli kl. 8–16 í síma 543-6360.

Starfsfólk Heimahlynningar

Í Heimahlynningu starfa hjúkrunarfræðingar og læknar sem hafa víðtæka reynslu af umönnun og meðferð sjúklinga í heimahúsum.

Samstarfsaðilar

Heimahjúkrun, læknar, hjúkrunarfræðingar, prestar, félagsráðgjafar, sálfræðingar, sjúkrapjálfarar og aðrir fagaðilar sem koma að umönnun og meðferð skjólstæðinga.

